




MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Umboðsmaður Alþingis
Skúli Magnússon
Þórshamri, Templarasundi 5
101 REYKJAVÍK



Reykjavík 15. febrúar 2022

Tilv.: MRN22020827/0.5.1

Vísað er í bréf umboðsmanns Alþingis dags. 28. maí 2021. Með bréfinu var mennta- og menningarmálaráðuneytinu sent afrit af skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins í Fangelsið Hólmsheiði daganna 13-15. janúar 2020. Í skýrslunni er að finna umfjöllun og niðurstöður sem varða m.a. aðbúnað og almenna starfsemi í fangelsinu. Þá er í skýrslunni fjallað um álitaefni sem komu upp í tengslum við heimsóknina og af því tilefni er tilteknum ábendingum og tilmælum beint einkum til Fangelsisins á Hólmsheiði og Fangelsismálastofnunar en einnig til mennta- og menningarmálaráðherra í 9. kafla skýrslunnar. Samkvæmt 14. kafla skýrslunnar kemur fram að umboðsmaður hafi í hyggju að fylgjast með því hver verður framvinda þeirra atriða sem bent er á í skýrslunni. Með vísan til þess óskar umboðsmaður eftir því að mennta- og menningarmálaráðherra geri umboðsmanni grein fyrir viðbrögðum ráðherra við þeim ábendingum sem heyra undir málavíð ráðuneytisins.

Til að bregðast við beiðni umboðsmanns upplýsist hér með að frá árinu 2018 hafa mennta- og menningarmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti átt samtal og samráð um menntun fanga og fangavarða. Þá ákvað mennta- og menningarmálaráðherra að stofna starfshóp um málefnið sem tók til starfa í júní 2020. Hlutverk starfshópsins er að endurmeta inntak og umgjörð menntunar fanga og fangavarða og voru verkefnið einkum að afla gagna, vinna úr þeim og skila ráðherrum beggja ráðuneyta tillögum um framtíðarfyrirkomulag. Haustið 2020 boðaði starfshópurinn til funda með ýmsum hagsmunaaðilum og leitaði álits um stöðu mála. Boðaðir voru fulltrúar frá Fangelsismálastofnun, Fjölbautaskóla Suðurlands, Félagi fangavarða, geðheilsuteymi fangelsa á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis, meðferðarsviði Fangelsismálastofnunar og Fjölbautaskólanum við Ármúla. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili skýrslu til ráðherra mennta- og menningarmála (nú mennta- og barnamála) og dómsmála á vormánuðum 2022.

Þá vann starfshópurinn í nánú samráði við stýrihóp í málefnum fanga sem félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra stofnuðu í lok maí 2020. Hlutverk þess hóps var að móta heildstæða meðferðar- og endurhæfingarstefnu í fangelsismálakerfinu, leggja til nauðsynlegar breytingar á lögum og greina fjárþörf til þess að tryggja öllum föngum einstaklingsbundna meðferðaráætlun, bættan aðgang að menntun og heilbrigðisþjónustu og aukinn stuðning að afplánun lokinni. Hópurinn skilaði skýrslu á vormánuðum 2021.

Helstu tillögur stýrihópsins varðandi menntun og virkni fanga eru eftirfarandi:

- Stóraukin námsráðgjöf og sérkennsluáæði fyrir nemendur með lestrar- og/eða skriftarörðugleika og íslenskukennslu fyrir erlenda ríkisborgara.
- Bjóða upp á nám á fullorðinsfræðslustigi þar sem aðalfög eru íslenska, lestur, stærðfræði, enska og

tölvukennsla.

- Huga að betra aðgengi fanga í lokuðum fangelsum, að tölvum, interneti og þjálfun í tölvulæsi til daglegra þarfa (t.d. heilsuvera, bankaþjónusta o.þ.h.).
- Bjóða upp á styttri námskeið í verkmenntun t.d. þriggja til sex mánaða námskeið s.s. í málaraíðn, trésmíði, bílaréttingum, rafvirkjun, bakstri, járnsmíði o.s.frv.

Þá hefur í vinnu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis, sem greint er frá hér að ofan, verið lögð áhersla á skapa heildstæða þjónustu um menntun og fræðslu fyrir fanga sem miðar að því að mæta einstaklingum á þeim grunni sem þeir eru staddir. Tekið verður mið af upplýsingum sem hópurinn hefur aflað, ásamt því að gæta samræmis við tillögur stýrihóps í málefnum fanga.

Fyrir hönd ráðherra



Páll Magnússon



Björg Pétursdóttir